

## Varðar: Skipasund 1 – fyrirspurn um stækkun lóðar

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa dags. 15. ágúst 2023 var lögð fram fyrirspurn Guðjóns Valdimarssonar, dags. 24. júlí 2023, ásamt bréfi Inga Gunnars Þórðarsonar f.h. Byggvir ehf., dags. 24. júlí 2023, um stækkun lóðarinnar nr. 1 við Skipasund meðfram Kleppsvegi um ca. 4,5 m ásamt því að heimilt verði að vera með innkeyrslu/kerrustæði frá Kleppsvegi, samkvæmt uppdráttum Byggvir ehf. dags. 20. júlí 2023. Einnig er lagður fram tölvupóstur Félagsbústaða, dags. 4. júlí 2023, þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við stækkun lóðar.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Loftmynd

## Skipulag í gildi


**Aðalskipulag:** Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulagi tilheyrir lóðin og byggingin á Skipasundi 1 borgarhluta 4 Laugardal og er á skilgreindu íbúðarsvæði ÍB25 Sund.

**Deiliskipulag:** Ekkert deiliskipulag er í gildi á lóðinni. Því þarf að skoða erindið út frá gildandi aðalskipulagi, byggðarmynstri, sérkennum og fagurfræðilegum áherslum en sist hvert fordæmisgildi tillögunnar er.

## Umsögn

Húsið á lóð nr. 1 við Skipasund er tvíbýlishús; lítið niðurgrafinn kjallari, hæð og ris, byggt árið 1950 skv. fasteignaskrá. Á lóðinni er einnig bílskur, byggður nokkru seinna eða árið 1979 skv. fasteignaskrá. Óskað er eftir áliti skipulagsfulltrúa á stækkun lóðarinnar um ca. 4,5 m ræmu meðfram Kleppsvegi, ásamt því að heimilt verði að vera með innkeyrslu/kerrustæði frá Kleppsvegi.

Öðrum lóðum í kring, sem eiga mörk sín að Kleppsvegi, hefur verið breytt og þær stækkaðar að gangstétt. Sem dæmi var lóð nr. 106 við Kleppsveg breytt í nóvember árið 1971 og 26. janúar 1977 var lóð nr. 108 við Kleppsveg stækkuð á sama hátt. Raunar er það svo að lóð nr. 1 við Skipasund er sú eina sem ekki hefur verið breytt til samræmis.



Lóðabreytingar samþykktar fyrir lóðir nr. 106 og 108 við Kleppsveg

Engar aðveitu-eða fráveitulagnir liggja um lóðarræmuna meðfram Kleppsvegi skv. Luksjá. Því er ekkert sem mælir á móti breytingum á lóðamörkum, til samræmis við lóðirnar í kring.



Skjáskot úr Luksjá



Kerrustæði

Spurt er hvort hvort heimilt verði að hafa innkeyrslu/kerrustæði við Kleppsveg. Almennt er ekki tekið jákvætt í ný bílastæði á lóð í gróinni byggð þar sem reynt er eftir fremsta megni að koma í veg fyrir að keyrt sé yfir gangstétt að óþörfu. Ekki eru gerðar athugasemdir við að lóðarhafi geymi kerru sína þarna en neikvætt er tekið í að samþykkja innkeyrslu eða kerrustæði á uppdráttum.

### Niðurstaða

- Jákvætt er tekið í lóðastækkun til samræmis við þær lóðastækkningar sem áður hafa verið samþykktar í götunni.
- Sótt er um lóðarbreytingu til embættis skipulagsfulltrúa.
- Neikvætt er tekið í innkeyrslu frá Kleppsvegi inn á lóð.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Sigríður Lára Gunnarsdóttir, verkefnastjóri